

700 Vatnafar

Íslensk fitjuskrá



SSL nefnd LÍSU

Vegna athugasemda og fyrirspurna vinsamlega hafið samband
í síma 430 9000 eða sendið tölvupóst á Imi@mi.is

700 Vatnafar

Nafn	Vatnafar
Skilgreining	Vatnafar tekur á öllu er tengist vatni eða sjó ásamt fyrirbærum sem tengjast vatnafari með hlutverki sínu, til dæmis skurður.
Kóði	700-799

Fitjuflokkar

Yfirborðsvatn	701
Grunnvatn	702
Sjór	703
Vatnasvið	704

Fitjueigindir

Heiti

Ástæður breytilegs vatnafars	astaedurBreytilegsVatnafars
Bakkar / miðlína	bakkarMidlina
Breytilegt vatnafar	breytilegtVatnafar
Dýpi borholu	dypiBorholu
Flokkun uppspretta	uppspretta
Flokkun uppspretta út frá efnunum	uppsprettaEfni
Flokkun yfirborðsvatns	yfirbordsvatn
Flokkur foss	foss
Fyrirbæri tengd grunnvatni	fyrirbaeriTengdGrunnvatni
Fyrirbæri tengd yfirborðsvatni	fyrirbaeriTengdYfirbordsvatni
Grunnvatnslína	grunnvatnslina
Hávatnsstaða	havatnsstada
Hlutverk borholu	hlutverkBorholu
Hlutverk skurðar eða veituganga 1, 2, 3, 4	skurHlu1, skurHlu2, skurHlu3, skurHlu4
Hreyfingar jökla	hreyfingarJokla
Hæð fossa eða flúða	haedFossaFluda
Jökulsprunga	jokulsprunga
Kvísl	kvisl
Lágvatnsstaða	lagvatnsstada
Lýsing breytilegs vatnafars	lysingBreytilegsVatnafars
Númer ár/lækjar	nrArLaekjar
Númer stöðuvatns	nrStoduvatns
Selta	selta
Straumstefna	straumstefna
Stærð vatnasviðs	staerdVatnasvids
Stöðuvatnstegund	stoduvatnsteg
Tegund jökla	tegJokla
Tegund uppsprettu / uppsprettusvæðis	tegUppsprettu
Vatnsfallategund 1, 2, 3 og 4	arTeg1, arTeg2, arTeg3, arTeg4
Vatnsrennsli	vatnsrennsli
Örlög uppsprettu	orlogUppsprettu

701 Yfirborðsvatn

Nafn	Yfirborðsvatn
Skilgreining	Kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar (annað en hafsjór), straumvötn, stöðuvötn, jöklar og strandsjór. [2]
Kóði	701

Fitjueigindir		
	Ástæður breytilegs vatnafars	astaedurBreytilegsVatnafars
	Bakkar / miðlína	bakkarMidlina
	Breytilegt vatnafar	breytilegtVatnafar
	Flokkun yfirborðsvatns	yfirbordsvatn

	Flokkur foss	foss
	Fyrirbæri tengd yfirborðsvatni	fyrirbaeriTengdYfirbordsvatni
	Hávatnsstaða	havatnsstada
	Hlutverk skurðar eða veituganga 1, 2, 3, 4	skurHlu1, skurHlu2, skurHlu3, skurHlu4
	Hreyfingar jökla	hreyfingarJokla
	Hæð fossa eða flúða	haedFossaFluda
	Jökulsprunga	jokulsprunga
	Kvísl	kvisl
	Lágvatnsstaða	lagvatnsstada
	Lýsing breytilegs vatnafars	lysingBreytilegsVatnafars
	Númer ár/lækjar	nrArLaekjar
	Númer stöðuvatns	nrStoduvatns
	Selta	selta
	Straumstefna	straumstefna
	Stöðuvatnstegund	stoduvatnsteg
	Tegund jökla	tegJokla
	Vatnsfallategund 1, 2, 3 og 4	arTeg1, arTeg2, arTeg3, arTeg4
	Vatnsrennsli	vatnsrennsli

Fitjueigind

Nafn	Ástæður breytilegs vatnafars
Skilgreining	Ástæður breytilegs vatnafars er eigind sem notuð er til að gera greinarmun á vatnafari sem er breytilegt af mannavöldum, veðurfarsástæðum og jarðfræðilegum ástæðum.
Heiti	astaedurBreytilegsVatnafars
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e: integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Af mannavöldum	1	Vatnafar er breytilegt af mannavöldum, s.s. vegna uppi-stöðulóna o.fl.
Af veðurfarsástæðum	2	Vatnafar er breytilegt af veðurfarslegum ástæðum, s.s. vegna þurrkatíða, leysingavatns o.fl.
Af jarðfræðilegum ástæðum	3	Vatnafar er breytilegt af jarðfræðilegum ástæðum, s.s. vegna sprungumyndunar, landsigs o.fl.

Fitjueigind

Nafn	Bakkar / miðlína
Skilgreining	Bakkar / miðlína segir til um hvort allt vatnsfallið er sýnt. Ef bakkar eru sýndir þá er það full breidd árinna / stöðuvatnsins en miðlína fer í gegnum miðja ána / stöðuvatnið.
Heiti	bakkarMidlina
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Hægri bakki	1	„Þegar talað er um <i>hægri</i> og <i>vinstri</i> bakka, er miðað við, að horft sé niður eftir vatnsfallinu.“ [3]
Vinstri bakki	2	„Þegar talað er um <i>hægri</i> og <i>vinstri</i> bakka, er miðað við, að horft sé niður eftir vatnsfallinu.“ [3]
Stöðuvatnsbakki	3	Bakkar stöðuvatna, lóna og tjarna

Miðlína með bökkum	4	Miðlína ár eða lækjar er lína sem liggur mitt á milli hægri og vinstri bakka. Þar sem einnig eru til hægri og vinstri bakkar fær eigindin gildið „miðlína með bökkum”.
Miðlína án bakka	5	Miðlína ár eða lækjar er lína sem liggur mitt á milli hægri og vinstri bakka. Þar sem ekki eru til hægri og vinstri bakki fær eigindin gildið „miðlína án bakka”
Miðlína stöðuvatns	6	Miðlínur stöðuvatns liggja frá þeim vatnsföllum sem falla í vatnið í gegnum stöðuvatnið til þeirra sem falla úr því.
Tengilína	7	Tengir vatnsföll (ár, lækir) við miðlínu ár eða stöðuvatns.

Fitjueigind

Nafn	Breytilegt vatnafar
Skilgreining	Breytilegt vatnafar er notað til að gera greinarmun á vatnafari sem breytist lítið sem ekkert og þess sem er breytilegt af ýmsum ástæðum.
Heiti	breytilegt Vatnafar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e: integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Ekki breytilegt vatnafar	0	Ekki breytilegt vatnafar. T.d. vatnsmagn í á eða vatnsborð stöðuvatns sem breytist lítið árið um kring.
Breytilegt vatnafar	1	Breytilegt vatnafar. T.d. breytilegt vatnsmagn í á / stöðuvatni af ýmsum ástæðum.

Fitjueigind

Nafn	Flokkun yfirborðsvatns
Skilgreining	Flokkun yfirborðsvatns í einstök fyrirbæri s.s. á/læk, skurð, stöðuvatn og jökul.
Heiti	yfirborðsvatn
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Á, lækur	1	„Á eða vatnsfall er rennandi vatn í náttúrunni.” [19]
Skurður, veitugöng	2	„Skurður er grafin renna eða rás, áveituskurður.” [19] Veitugöng eru þar sem vatni er veitt um manngerð göng.
Stöðuvatn, tjörn	3	„Stöðuvatn er allstórt vatnsflæmi landi girt á alla vegu, vatn sem stendur allan ársins hring.” [19]
Jökull	4	Jöklar myndast smám saman þegar hluti af snjóalögum hvers árs (ákoma) verður eftir að loknum sumarleysingum (afkomu). Verði hjarnfönn nógu þykk myndbreytist snjórinn vegna þrýstings og ís myndast neðst í henni. [10]
Strandsjór	5	„Strandsjór: yfirborðsvatn sem er landmegin við línu sem dregin er sjávarmegin einni sjómílu frá næsta punkti grunnlínu þeirrar sem landhelgi miðast við og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósa og sjóblandaðs vatns” [12]

Fitjueigind

Nafn	Flokkur foss
Skilgreining	„Með tilliti til þess, hvers konar virkni hefur verið aðal fossvaldur, má skipta fossum á Íslandi í þrjá höfuðflokka [höggunarfossar, rofsfossar og stíflufossar] og þeim síðan í undirflokka [...] Þess ber að gæta, að flokkun af þessu taki byggist á nokkurri einföldun staðreynda. Fleiri en ein virkni á oft þátt í myndun eins og sama foss og því alloft áhöld um það, til hvaða flokks foss skuli teljast.“ [7]
Heiti	foss
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Sprungufoss	1	Sprungufossar og misgengisfossar eru höggunarfossar. „Hér eru það innanvirk öfl, sem hafa verið að verki og myndað sprungur eða misgengi.“ [7]
Misgengisfoss	2	Sprungufossar og misgengisfossar eru höggunarfossar. „Hér eru það innanvirk öfl, sem hafa verið að verki og myndað sprungur eða misgengi.“ [7]
Árrofsfoss	3	„Um fjölda fossa er það að segja, að við myndun þeirra kemur lítið til annað en sjálft árrofið og misharka laga í því bergi sem áin grefur. Þessir fossar eru árrofsfossar í þröngri merkingu, því vitanlega á árrofið einhvern þátt í myndun flestra fossa.“ [7]
Brimrofsfoss	4	„Margir brimklífsfossar [brimrofsfossar], flestir fremur vatnslitlir, en sumir ærið háir falla fram af sjávarhömrum á blágrýtissvæðum landsins.“ [7]
Jökulrofsfoss	5	„Jökulrof hefur átt drjúgan þátt í myndun allmargra fossa hérlendis. Jöklar sverfa að jafnaði aðaldali miklu hraðar en þverdali, sakir þess að jökulfargið er þar meira og skriðhraðinn einnig. Því er það, að þegar jöklar hopuðu úr aðaldöllum í ísaldarlokin, lágu mynni þverdala, svo og skála eða hvilfta, hátt í dalahlíðum. [...] Þar sem ár falla fram úr þessum hengidöllum og skálum (hvilftum, botnum) niður hlíðar aðaldalanna verða fossar og fossastigar og mætti nefna þá hengifossa.“ [7]
Hraunfoss	6	„Lang algengustu stíflufossar hérlendis eru hraunstíflaðir fossar (hraunfossar) [...]. Þeir myndast við það að hraun rennur þvert yfir árfarveg eða eftir honum. Verður þá annaðhvort að áin hrekst til hlíðar og rennur síðan milli hrauns og hlíðar [...] eða þá að áin rennur yfir hraunið. Verða þá fossar þar sem árnar falla fram af því.“ [7]
Skriðufoss / Urðarfoss	7	„Stíflufossar geta einnig myndast er árfarvegir stíflast af skriðum (framhlaupum) eða jöklagörðum. Fossar, sem þannig eru til komnir verða sjaldan langæir, því oftast eru árnar fljótar að grafa stíflurnar sundur. Þeir geta þó haldist nokkuð lengi sem hávaðar.“ [7]

Fitjueigind

Nafn	Fyrirbæri tengd yfirborðsvatni
Skilgreining	Flokkun á fyrirbærum sem tengjast yfirborðsvatni s.s. aurar, svelgur, foss, flúð og ósasvæði.
Heiti	fyrirbaeriTengdYfirbordsvatni
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Aurar, mörk kvíslasvæðis	1	„Aurar eru ógróð flatlendi úr hnullungum , möl og sandi sem auravatn hleður undir sig. Kvísl er hluti af á, eða á sem rennur í mörgum kvíslum.” [19]
Svelgur	2	Svelgur er staður þar sem á eða lækur hverfur niður í jörð eða jökul.
Foss	3	Foss er „straumvatn sem fellur niður af (háum) stalli.” [19] „Foss í örnefnum og í vitund manna merkir nú oftast fall vatns fram af stalli, sem er þverhniptur eða hallinn meiri en 35°, þannig að vatnið fellur lóðrétt eða bratt.” [7]
Flúð	4	„Flúðir eru flatt sker eða klöpp rétt undir vatnsborði (í sjó eða á).” [19]
Ósasvæði	5	„Ósasvæði: Svæði í straumvatni er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.” „Ós í sjó: Sá staður þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumsfjöru.” [20] „Árósar og sjóblandað vatn: yfirborðsvatnakerfi í nágrenni ármynna sem eru að hluta til sölt vegna nálægðar sinnar við strandsjó en verða fyrir verulegum áhrifum af ferskvatnsstreymi.” [12]

Fitjueigind

Nafn	Hávatnsstaða
Skilgreining	Hæð hávatnsstöðu í metrum yfir meðalsjávarborði, ef um miðlunarlón er að ræða er þetta hámarkshæð. [4]
Heiti	hávatnsstada
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Metrar (m)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæð rauntala með engum aukastaf

Fitjueigind

Nafn	Hlutverk skurðar eða veituganga 1, 2, 3, 4
Skilgreining	Skurðir og veitugöng eru grafnir með ákveðið hlutverk í huga og flokkaðir eftir því. Skurðir eða göng geta haft blandað hlutverk eða e.t.v. mismunandi eftir árstíma. „Hlutverk skurðar eða veituganga 1” (skurHlu1) táknar það hlutverk skurðar eða ganga sem er mest áberandi. Ef önnur hlutverk koma til greina færast þau eftir styrkleika í hinar eigindirnar (skurHlu2, skurHlu3, skurHlu4). [4]
Heiti	skurHlu1, skurHlu2, skurHlu3, skurHlu4
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Framræsluskurður	A	Framræsluskurðir eru grafnir til að veita burt jarðvatni og lækka með því grunnvatnsstöðu í votlendi. Framræslan miðar að því að bæta ræktunarskilyrði og auka beitargildi. [13]
Áveituskurður	B	Áveituskurðir eru grafnir til miðlunar vatns á ræktað land til að auka uppskeru eða breyta eyðimörk í ræktarland.
Virkjanaskurður	C	Vatni er veitt bæði að og frá virkjunum í gegnum aðrennslisskurði og frárennslisskurði.
Veitugöng	D	Vatni er veitt bæði að og frá virkjunum í gegnum

		veitugöng.
Aðrir skurðir	E	Skurðir sem ekki falla undir skilgreiningar A-C
Önnur göng	F	Göng sem ætlað er að flytja vatn en eru ekki veitugöng.

Fitjueigind

Nafn	Hreyfingar jökla
Skilgreining	Mælt framskrið eða hop jökuls miðað við ákveðinn viðmiðunarpunkt. [8]
Heiti	hreyfingarJokla
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e. real)
Mælieining eigindar	Metrar (m)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Fyrir framskrið jökuls: jákvæð rauntala Fyrir hop jökuls: neikvæð rauntala

Fitjueigind

Nafn	Hæð fossa eða flúða
Skilgreining	Hæð foss eða flúða í metrum, frá efstu brún fossbera niður í vatnsborð fyrir neðan fossinn.
Heiti	haedFossaFluda
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Metrar (m)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæðar rauntölur með 2 aukastöfum

Fitjueigind

Nafn	Jökulsprunga
Skilgreining	Sprungur á yfirborði jökuls verða aðallega vegna breytinga á farvegi og skriðhraða jökuls. Efsta lag jökuls er fremur stökkt enda er ís þar ekki orðinn þjáll. Verði mishæðir í farvegi skriðjökuls eða breytingar á vídd dalsins sem hann fer um, myndast sprungur í yfirborði hans. [9]
Heiti	jokulsprunga
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Jökulsprunga	1	Sprungur í jökli.
Þversprungur	2	Þar sem jöklar skriða fram af brúnum eða stöllum. [9]
Langsprungur	3	Ef farvegur jökuls breiðkar verður yfirborð hans langsprungið. [9]
Jaðarsprungur	4	Sprungur við jaðar skriðjökla, smáar, og vísa skáhallt upp á móti skriðstefnu jökuls. [9]
Sprungusvæði á jökli	5	Sprungusvæði sem myndast vegna framskriðs jökuls eða eldsumbrota undir jökli.
Jökullægð	6	Þegar sig verður í jökli t.d. vegna eldvirkni eða jarðhita myndast oft hringlaga sprungur umhverfis lægðina.

Fitjueigind

Nafn	Kvísl
Skilgreining	Kvísl er hluti af á sem hefur skilist frá öðrum kvíslum árinna og rennur í öðrum farvegi.
Heiti	kvísl
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Meginkvísl	1	Sýslumörk fylgja ávallt meginkvísl. Í meginkvísl er yfirleitt meira rennsli en í öðrum kvíslum. Ein meginkvísl liggur í gegnum kvíslavæði ár, aðrar kvíslar falla undir flokkinn „önnur kvísl”.
Önnur kvísl	2	Í öðrum kvíslum er yfirleitt minna rennsli en í meginkvísl.

Fitjueigind

Nafn	Lágvatnsstaða
Skilgreining	Hæð lágvatnsstöðu í metrum yfir meðalsjavarborði, ef um miðlunarlón er að ræða er þetta lágmarkshæð. [4]
Heiti	lagvatnsstada
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Metrar (m)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæð rauntala með engum aukastaf

Fitjueigind

Nafn	Lýsing breytilegs vatnafars
Skilgreining	Lýsing breytilegs vatnafars lýsir því hvernig breytilegt vatnafar kemur fram á yfirborði, s.s. þurrir árfarvegir / vatnsbotn. Notað m.a. til að greina árfarvegi sem eru oftast þurrir frá þeim sem eru þurrir hluta úr ári.
Heiti	lysingBreytilegsVatnafars
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Þurr ≥ 6 mán. á ári	1	Stöðuvatn, tjörn sem þornar upp og er þurr 6 mánuði eða lengur á ári. [15]
Þurr - oftast	2	Þurr vatnsbotn er þar sem sjaldan er vatn eða þá í stuttan tíma. [15] Árfarvegur eftir leysingarvatn sem venjulega er þurr. [16]

Fitjueigind

Nafn	Númer ár/lækjar
Skilgreining	Númer ár eða lækjar skv. númerakerfi Vatnamælinga. Samkomulag milli Landmælinga Íslands og Orkustofnunar um uppbyggingu landfræðilegs gagnagrunns af vatnakerfi Íslands. Undirritað í Reykjavík 18.3.1996.
Heiti	nrArLaekjar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin

Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	6-7 stafa númer frá Orkustofnun

Fitjueigind

Nafn	Númer stöðuvatns
Skilgreining	Númer stöðuvatns skv. númerakerfi Vatnamælinga. Vegna samkomulags milli Landmælinga Íslands og Orkustofnunar um uppbyggingu landfræðilegs gagnagrunns af vatnakerfi Íslands. Undirritað í Reykjavík 18.3.1996.
Heiti	nrStoduvatns
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Númer frá Orkustofnun

Fitjueigind

Nafn	Selta
Skilgreining	Sú skilgreining sem nú er alþjóðlega viðurkennd og samþykkt af alþjóðastofnunum byggist á mælingu á hlutfallinu milli leiðni sjávarsýnis og leiðni staðalsýnis sem lagað er af mikilli nákvæmi. [...] Þessi nýjasta skilgreining á seltu er þannig að eldri mæliniðurstöður, sem byggðust á öðrum mæliaðferðum, eru að heita má sambærilegar við niðurstöður byggðar á nýju skilgreiningunni. [11]
Heiti	selta
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[12]
Ferskvatn	1	< 0,5 ‰ meðalselta á ári.
Ísalt vatn	2	0,5 – 5 ‰ meðalselta á ári.
Miðlungssaltur sjór	3	5 – 18 ‰ meðalselta á ári.
Saltur sjór	4	18 – 30 ‰ meðalselta á ári.
Fullsaltur sjór	5	30 – 40 ‰ meðalselta á ári.

Fitjueigind

Nafn	Straumstefna ár
Skilgreining	Rétt straumstefna er í átt að ósi ár. [4]
Heiti	straumstefna
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[4]
Rétt straumstefna	1	Ef stefna ár (línu) er í átt að ós er hún rétt.
Röng straumstefna	-1	Ef stefna ár (línu) er í átt frá ós er hún röng.

Fitjueigind

Nafn	Stöðuvatnstegund
Skilgreining	Stöðuvötn eru flokkuð eftir uppruna vatnastæða þeirra. „Dældir fylltar vatni nefnum við stöðuvötn. Vatnastæðin eru með ýmsu móti tilkomin, svo sem við jökulrof, eldsumbrot, jarðskorpuhreyfingar, bergskrið o.s.frv.” [9]
Heiti	stoduvatnsteg
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Jökulker	1	„Á nokkrum stöðum, þar sem jöklu ruðningur eða jökulárset er mjög þykkt hafa ísflykki orðið eftir í setinu. Þegar þau bráðnuðu mynduðust svokölluð <i>jökulker</i> sem víða hafa fyllst vatni.” [9]
Sporðlón	2	„Skriðjökultungur ýta oft upp lausum ruðningi eða hann skolast burt með jökulvatni sem brýst fram undan jökulsporði. Á þennan hátt verða oft til vatnastæði er jökullinn hopar. Slík vötn mætti nefna <i>jökultunguvötn</i> eða <i>sporðlón</i> .” [9]
Jökullón	3	„Skriðjökklar sem skriða fram meginþali stífla oft jökullausa þverðali og mynda þar uppistöður, svonefnd <i>jökullón</i> .” [9]
Gígvatn	4	„Í gígum, einkum sprengigígum sem ná niður fyrir grunnvatnsflöt, eru stöðuvötn og nefnast þau <i>gígvötn</i> .” [9]
Hraunstíflað vatn	5	„Stöðuvötn verða einnig til er hraunstraumar renna þvert yfir eða fyrir dali og girða fyrir ár.” [9]
Öskjuvatn	6	„Við eldsumbrot verða stundum til allmiklir sigkatlar, svonefndar öskjur, sem oft fyllast vatni, <i>öskjuvötn</i> .” [9]
Jarðskorpuhreyfingavatn	7	„Stöðuvötn sem mynduð eru við skorpuhreyfingar eru fá hér á landi þótt þær hafi átt nokkurn þátt í myndun sumra vatna [...]” [9]
Skriðuvatn	8	„Við berghlaup verða einkum til tvenns konar stöðuvötn [sem nefnast skriðuvötn]. Bergskriður girða oft fyrir dali svo að ár stíflast og stöðuvötn myndast ofan þeirra. [...] Oft myndast einnig lægð milli stálsins, sem skriðan rifnaði frá, og bergskriðunnar, og safnast þá stundum vatn í hana.” [9]
Sjávarlón	9	„Við flutning sands og malar með ströndum fram lokast vikur og vogar tíðum af malarrifum. Innan rifsins verður þá ýmist til sjávarlón með söltu vatni þar sem sjávarfalla gætir, [...] eða lón með fersku vatni [...]” [9]
Uppistöðulón ?	--	Sbr. manngert vatn. Skrá á eftirfarandi hátt: Fitjueigindin <i>Flokkun yfirborðsvatn</i> (heiti: yfirborðsvatn) - kóði 3 (stöðuvatn). Fitjueigindin <i>Áhrif manna</i> (heiti: ahrifManna) / kóði 3 (manngert).

Fitjueigind

Nafn	Tegund jökla
Skilgreining	Jökklar myndast smám saman þegar hluti af snjóalögum hvers árs (ákoma) verður eftir að loknum sumarleysingum (afkomu). [10]
Heiti	tegJokla
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Hjarnjökull, hveljökull	10	Stærstu jöklar, ávallt mjög þykkir og yfirborð þeirra fremur flatt en hallar jafnt og þétt út til jaðrana. [9]
Skriðjöklar	20	Nokkurs konar afrennsli hjarnjökla. [9]
Daljökull	21	Skriðjöklar, sem eiga upptök í litlum hjarnsvæðum í dalbotnum ofan snælinu. Þunnir og með lítinn skriðhraða. [9]
Undirlendis- og rótarjökull	22	Daljökla sem ná láglendi á takmörkuðu svæði, sameinast og mynda jökulbreiðu sem er oft röndótt af urðarröndum.
Hvilftarjökull, skálarjökull	23	Smájökla sem myndast nálægt snælinu í hvilftum eða skálum í fjöllum. [9]
Urðarjökull	24	Ísinn í þeim er jafnan fremur þunnur en ofan á honum liggur lag úr bergmoli af öllum stærðargráðum. Víðast hvar er líklegast að leysing íss sé meiri en nýismyndun í núverandi urðarjökklum og má búast við að flestir þeirra séu fremur skammlíf fyrirbæri. Úr fjarlægð að sjá líkjast urðarjökla stórum skriðubunkum en þó sjást merki um hreyfingu. Stöku sprungur myndast og hólar og stórar sveigðar öldur einkenna yfirborðið. [10]
Falljökull	25	Jökull sem skriður fram af hárrí brún brotnar í ísflykki ef hann er þunnur. Þessi ísflykki síðan þrýstast saman á ný fyrir neðan stallinn. [9]

Fitjueigind

Nafn	Vatnsfallategund 1, 2, 3 og 4
Skilgreining	Flokkun vatnsfalla eftir rennslisþáttum í stöðuvötn annars vegar og straumvötn hins vegar. Straumvötn skiptast í bergvötn og jökulvötn, og bergvötn í dragár og lindár. „Allar stærri ár landsins eru að meira eða minna leyti sambland ólíkra tegunda og geta því fengið tegundatákn á þessa leið, raðað eftir vægi: D+ L+ S+ J. Þetta á að tákna, að áin sé dragá að verulegu leyti, þó með töluverðu lindavatni, stöðuvötn jafna rennslíð nokkuð og lítilsháttar jökulvatn er í ánni.” [3] „Vatnsfallategund 1” (arTeg1) táknar þann eiginleika vatnsfallsins sem er sterkastur, ef aðrir þættir eru áberandi færast þeir eftir styrkleika í hinar eigindirnar (arTeg2, arTeg3 og arTeg4).
Heiti	arTeg1, arTeg2, arTeg3, arTeg4
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Dragá / dragalækur	D	Dragá [...] er á, sem hefur engin glögg upptök, heldur orðin til úr sytrum í lækja- og daladrögum, þar sem aðeins þunn jarðlög hylja vatnsþéttan berggrunn. [5]
Lindá / lindalækur	L	Lindárnar eiga glögg upptök, oft ólgandi lindir, og ná þá árnar fullri stærð skammt frá upptökunum. Vatnið er komið langan veg neðanjarðar. Það er mjög jafnt árið um kring og ónæmt fyrir duttlungum veðurfarsins frá degi til dags, jafnvel árstíðasveiflur jafnast út. [5]
Jökulvatn / jökullækur	J	Jökulár eru ár sem koma undan jöklum eingöngu og eru yfirleitt margfalt vatnsmeiri á sumrin en á veturna. [6]
Á úr stöðuvatni	S	Einkennisstafur stöðuvatna [...] er „S”, og er hann notaður jöfnum höndum um stöðuvötnin sjálf og áhrif þeirra á rennslishætti og ísalagnir straumvatna. [5]

Fitjueigind

Nafn	Vatnsrennsli
Skilgreining	Ákveðið rúmmál vatns sem fer fram hjá ákveðnum mælipunkti á tímaeiningu. [17]
Heiti	vatnsrennsli
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Rúmmetrar á sekúndu (m ³ /sek)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Heiltölur

702 Grunnvatn

Nafn	Grunnvatn
Skilgreining	„Rennandi vatn neðanjarðar í samfelldu lagi, sem fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í jörðinni með rennslisstefnu nærri láréttu”. [21] „Grunnvatn: allt vatn undir yfirborði jarðar í gegnmettaða laginu og í beinni snertingu við jörð eða jarðvegsgrunn.” [12]
Kóði	702

Fitjueigindir		
	Dýpi borholu	dypiBorholu
	Flokkun uppspretta	uppspretta
	Flokkun uppspretta út frá efnum	uppsprettaEfni
	Fyrirbæri tengd grunnvatni	fyrirbaeriTengdGrunnvatni
	Grunnvatnslína	grunnvatnslina
	Hlutverk borholu	hlutverkBorholu
	Selta (sjá 701)	selta
	Tegund uppsprettu / uppsprettusvæðis	tegUppsprettu
	Vatnsrennsli	vatnsrennsli
	Örlög uppsprettu	orlogUppsprettu

Fitjueigind

Nafn	Dýpi borholu
Skilgreining	Dýpi borholu í metrum, frá yfirborði niður í botn. [14]
Heiti	dypiBorholu
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Metrar (m)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæð rauntala með 2 aukastöfum

Fitjueigind

Nafn	Flokkun uppspretta
Skilgreining	Greina má tegundir uppspretta í undirflokkka eftir eðliseiginleikum eins og fram kemur hér að neðan.
Heiti	uppspretta
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		[18]
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
<i>Hver</i>		
Vatnshver	1	Langflestir vatnshverir eru á lághitasvæðum og er rennsli þeirra yfirleitt bundið við ákveðna vatnsleiðara sem eru í flestum tilfellum berggangur, sprunga eða misgengi. Vatnshverir innihalda yfirleitt lítið magn uppleystra efna og eru nýttir beint.
Gufuhver	2	Jarðhitastaður þar sem vatnið kemur fram sem gufa. Grunnvatnsborð er venjulega nokkuð neðan yfirborðs. Oft kemur því mjög lítið vatn upp í gufuhverum og það er þá þéttivatn sem verður til þegar gufan þéttist á uppleið. Einnig er algengt að gufan hiti upp grunnvatn nálægt yfirborði og því inniheldur slíkt vatn lítið af uppleystum efnum.
Suðuhver	3	Suðuhver er heit uppspretta þar sem vatnið er við suðumark og sýður í sífellu. Gas er yfirleitt til staðar í hverum og laugum en í mismiklu magni. Komið getur fyrir að gasið sé það mikið að svo virðist sem sjóði í hvernum þótt aðeins sé um að ræða uppstreymi gastegunda.
Goshver	4	Goshverir eru þekktir bæði á há- og lághitasvæðum. Þeir eru vatnshverir þar sem hitastig vatnsins er við suðumark á litlu dýpi undir yfirborði. Við sérstakar aðstæður nær vatnið að sjóða og þeyta vatni sem ofar er í hvernum upp í loftið. Goshver er ekki stöðugt sjóðandi á yfirborði heldur dettur suðan þar niður á milli gosa. Oft er talað um goshver ef vatni er skvett hærra en 30 cm, en slík skilgreining er breytileg eftir landsvæðum. Goshverir breytast í tímans rás, og stíflast flestir smátt og smátt vegna útfellinga, en geta svo lifnað hraustlega við, t.d. vegna sprungumyndunar í jarðskjálfta.
<i>Lind</i>		
Dýjavætur	6	Þar sem vatn sytrar fram í hallandi landi og mýri eða mosapembur vitna um rennslið.
Sprungulindir	7	Ekki mikið notað, en vitnar til þess að vatnið komi upp í sprungu.
Kelda	8	Dý, þar sem kalt vatn stendur kyrrt eða er með litlu rennsli, oft nokkuð djúpir pyttir þar sem fara þarf varlega.
Kaldavermsl	9	Þar sem kalt vatn bræðir frá sér snjó og ís á vetrum, oft um 3-5° C heitt.

Fitjueigind

Nafn	Flokkun uppspretta út frá efnum
Skilgreining	Hveri má greina í undirtegundir eftir efnaeiginleikum sem hér segir.
Heiti	uppsprettaEfni
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
<i>Hver</i>		
Súr hver	SUR	
Basiskur hver	BAS	
Leirhver	LEIR	Þar sem gufa sýður upp af grunnvatni ásamt gasi og blandast yfirborðsvatni geta orðið til leirhverir. Gasið sýrir vatnið sem leysir upp bergið og hrærir upp í heitan graut. Ef yfirborðsvatn kemst ekki að breytast leirhverir oft í gufuhveri. Leirhverir eru aðeins á háhitasvæðum.

		Þeir eru leðjupyttir með blágráum, vellandi leir en liturinn stafar af brennisteinssamböndum járns sem myndast þegar brennissteinsvetni (H ₂ S) hvarfast við súrefni loftins.
Brennisteinshver	BREN	Hver þar sem brennisteinn fellur út við op hversins. Al-gengast er að brennisteinn falli út á háhitasvæðum, einkum við gufuhveri.
Kísilhver	KISIL	
Laug		
Kalklaug	KALK	
Kolsýrulaug	KOLS	Vatnið í kolsýrulaugum er volgt en svo blandað kolsýru að í þeim virðist sjóða vegna órs uppstreymis hennar. Við kolsýrulaugar fellur jafnan út kalkhrúður. [9]

Fitjueigind

Nafn	Fyrirbæri tengd grunnvatni
Skilgreining	Flokkun fyrirbæra sem tengjast grunnvatni s.s. borhola, uppspretta og jarðhitakerfi.
Heiti	fyrirbaeriTengdGrunnvatni
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Uppspretta / uppsprettusvæði	upp	Staður / svæði þar sem vatn streymir til yfirborðs.
Borhola	bor	Borað er í jörðu til könnunar á jarðlögum eða vatni og til nýtingar á heitu/köldu vatni eða annarra verðmæta.
Jarðhitakerfi	jhiti	Jarðhitakerfi þar sem ekki eru ummerki á yfirborði s.s. Seltjarnarnes, Stykkishólmur o.fl. Þessi kerfi eru á lághitasvæðum en einnig gætu háhitasvæði leynst undir yfirborði. [18]

Fitjueigind

Nafn	Grunnvatnslína
Skilgreining	Tegund grunnvatnslínu. [4]
Heiti	grunnvatnslína
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Jafnhæðarlína	1	Jafnhæðarlína grunnvatns í metrum yfir sjó.
Jafnhitalína	2	Jafnhitalína grunnvatns í °C.
Rennslisstefna	3	Rennslisstefna grunnvatns.
Vatnaskil	4	Aðrennslissvæði linda og vatnsbóla (vatnasvið) afmarkast af vatnaskilum grunnvatns.

Fitjueigind

Nafn	Hlutverk borholu
Skilgreining	Hlutverk borholu gerir grein fyrir ástæðu þess að hún var boruð eða í hvað hún nýtist. [14]
Heiti	hlutverkBorholu
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Gufuöflun	G	Borun á háhitasvæði.
Heitavatnsöflun	H	Borun á lághitasvæði.
Hitastigulshola	T	Til hitamælingar bergs.
Rannsóknarhola	M	Til mælingar á grunnvatnshæð.
Sjótaka	S	Til öflunar hreins sjávar.
Mannvirkjarannsóknir	R	Til skoðunar á virkjanakostum.
Kaldavatnshola	K	Til öflunar kalds vatns, flestar virkjaðar.
Kaldvatnsleit	L	Borun til leitar á köldu vatni.
Niðurdælingarhola	N	Volgu vatni dælt niður aftur á jarðhitasvæði.
Pisahola	P	Mæling á grunnvatnshæð, rör alla leið.
Jarðskautshola	Z	Við spennistöðvar til að fá jarðsamband.
Gulleit	U	Gulleit.
Mannvirkjagerð	Q	Fyrir brúargerð, jarðgöng.
Skolvatnshola	O	Kaldavatnshola boruð til öflunar skolvatns fyrir borun aðalholu.
Annað	A	Annað en ofangreint.

Fitjueigind

Nafn	Tegund uppsprettu / uppsprettusvæðis
Skilgreining	Uppsprettur / uppsprettusvæði eru flokkuð í tegundir samkvæmt fitjueigind þessari. Uppsprettusvæði er þar sem margar uppsprettur eru á takmörkuðu svæði. Hér fer oft eftir mælikvarða korts hvort uppsprettur eru sýndar sem einstakar uppsprettur. [14]
Heiti	tegUppsprettu
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Lind Lindarsvæði	1	Á við um stað þar sem kalt vatn streymir til yfirborðs. Miðað er við að vatnshiti sé < 10° C, en jarðhiti er þó oft með hitastig undir 10° C. Til að skera úr um tilvist jarðhita þarf efnagreiningu. Lind er hér notuð um allt kalt vatn sem streymir til yfirborðs. [18]
Ölkelda Ölkeldusvæði	2	Heitið ölkelda getur átt við um heita eða kalda uppsprettu. Hér á landi er miðað við að uppleyst CO ₂ sé um eða yfir 300 ppm. Ölkeldur geta þannig verið laugar og hverir og eru þá oft einnig nefndar „kolsýrulaugar.“ [18]
Volgra Volgrusvæði	3	Volgra er 10-25° C heit uppspretta. Hiti í volgrum er það lágur að þær þykja of kaldar til baða eða til þvotta þótt þekkt sé að þær hafi verið notaðar til slíks. [18]
Laug Laugasvæði	4	Laug er algengt heiti á heitum uppsprettum. Þótt þær taki ekki tillit til vatnshita hefur löngum verið miðað við að unnt sé að baða sig í laugum eða afrennsli þeirra, en

		einnig hafa „laugar“ verið mikið notaðar til þvotta. Þekktastar eru þvottalaugarnar í Reykjavík, en hiti þeirra var um 87° C, og fyrrum var baðstaður neðan við laugarnar, í læk sem rann frá þeim. Algengt er að hitastig lauga sé það hátt að auðvelt sé að brenna sig í þeim, en unnt er að brenna sig í vatni sem er um 50° C heitt. Sumir vilja skipta laugum þrengra og hafa þær 25-55° C, en þá vantar heiti á jarðhita milli 55-70° C. Hér er því miðað við að laugar séu á hitastigsbilinu 25-70° C. [18]
Hver Hverasvæði	5	Hver er notað yfir uppsprettur þar sem vatnið er nærri suðuhita eða er það heitt að menn brenna sig við að dýfa hendi í vatnið. Hér eru lægri mörk sett við 70° C en efri mörk eru 100° C við sjávarmál. Hverir eru oft það heitir að þeir hafa fyrrum verið notaðir til matseldar. Hitur er einnig nafn á hvera- eða laugasvæðum og er yfirleitt átt við svæði sem er það heitt að rjúki úr. [18]

Fitjueigind

Nafn	Vatnsrennsli
Skilgreining	Ákveðið rúmmál vatns sem fer fram hjá ákveðnum mælipunkti á tímæiningu. [17]
Heiti	vatnsrennsli
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Rúmmetrar á sekúndu (m ³ /sek)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Heiltölur

Fitjueigind

Nafn	Örlög uppsprettu
Skilgreining	Uppspretta er almennt notað um alla uppkomu vatns, hvort sem um er að ræða heitt vatn eða kalt. Með örlögum uppsprettu er átt við hvort hún er enn í sinni upprunalegu mynd, hvort hún sé virkjuð eða horfin. [14]
Heiti	orlogUppsprettu
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Óbreytt	1	Uppsprettan er enn í sinni upprunalegu mynd, þ.e. hún hefur hvorki verið virkjuð né er hún horfin.
Virkjuð	2	Uppsprettan hefur verið virkjuð.
Horfin	3	Uppsprettan er horfin af yfirborði.

703 Sjór

Nafn	Sjór
Skilgreining	„Hafið [sjór] þekur meira en 70% af yfirborði jarðar og rúmtak þess er um það bil 14-falt meira en allra landsvæða ofan sjávarmáls.” „Fyrir allt hafið er yfirborðsselta að meðaltali nálægt 35 seltueiningum, og er það sú selta sem margs konar haffræðilegir útreikningar eru byggðir á” [11]
Kóði	703

Fitjueigindir		
	Selta (sjá 701)	selta

704 Vatnasvið

Nafn	Vatnasvið
Skilgreining	„Vatnasvið vatnsfalls er það svæði, sem vatn rennur af til vatnsfallsins.” [3] „Mörk milli vatnasviða nefnast vatnaskil, en þau fylgja hæðadrögum eða fjallshryggjum og hallar vatnasviðunum í báðar áttir út frá þeim.” [9]
Kóði	704

Fitjueigindir		
	Númer ár/lækjar (sjá 701)	nrArLaekjar
	Númer stöðuvatns (sjá 701)	nrStoduvatns
	Stærð vatnasviðs	staerdVatnasvids

Fitjueigind

Nafn	Stærð vatnasviðs
Skilgreining	Stærð þess vatnasviðs í ferkílómetrum sem yfirborðsvatn rennur af til vatnamælistaðar. [4]
Heiti	staerdVatnasvids
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heitala (e. integer)
Mælieining eigindar	Ferkílómetrar (km ²)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæð rauntala með 2 aukastöfum

Tilvitnanaskrá

- [1] Landmælingar Íslands (2002). Munnlegar heimildir
- [2] Mörður Árnason (Ritstj.) (2002). *Íslensk orðabók*. 3. útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.
- [3] Sigurjón Rist (1990). *Vatns er þörf*. Menningasjóður, Reykjavík.
- [4] Orkustofnun, Vatnamælingar (2002). Munnlegar heimildir.
- [5] Sigurjón Rist (1956). *Íslensk vötn*. Raforkumálastjóri, Vatnamælingar, Reykjavík.
- [6] Guðmundur Kjartansson (1945). Íslenskar vatnsfallategundir. *Náttúrufræðingurinn* 15: 113-126.
- [7] Sigurður Þórarinsson (1978). *Fossar á Íslandi*. Náttúruverndarráð, fjölrit nr. 2, Reykjavík.
- [8] Landmælingar Íslands (2004). Munnlegar heimildir.
- [9] Þorleifur Einarsson (1991). *Myndun og mótun lands – jarðfræði*. Mál og menning, Reykjavík.
- [10] Ari Trausti Guðmundsson (2002). *Íslenskur jarðfræðilykill*. Mál og menning, Reykjavík.
- [11] Unnsteinn Stefánsson (1999). *Hafið*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- [12] *Tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins* 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma bandalagsins um stefnu í vatnsmálum, e. Directive 2000/60/EC of the European Parliament and of the Council of 23 October 2000, establishing a framework for Community action in the field of water policy.
- [13] Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (Ritstj.) (1992). *Íslenska alfræðiorðabókin*. Bókaútgáfan Örn og Örlygur, Reykjavík.
- [14] Orkustofnun (2002). Munnlegar heimildir
- [15] Landmælingar Íslands (1992). *Kortastaðall - Tákn, letur og litir*.
- [16] Landmælingar Íslands (1997). *Landgreining. Stöðluð verklýsing*. 2. útgáfa. Kortadeild.
- [17] Íslenskar Orkurannsóknir (2005). Munnlegar heimildir.
- [18] Helgi Torfason og Jóna Finndís Jónsdóttir (2001). *Vatn - flokkun á hugtökum er varða jarðhita og lindir*. Greinargerð Orkustofnunar HeTo-JFJ-2001/01.
- [19] Árni Böðvarsson (Ritstj.) (1988). *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- [20] *Lög um lax- og silungsveiði* nr. 76/1970.
- [21] *Reglugerð um neysluvatn* nr.319/1995.

Útgáfusaga og breytingar

Útgáfunúmer	Dagsetning útgáfu	Hver breytti	Athugasemdir
1.0	10.08.2012	AGA	1. útgáfa skjalsins
1.1	24.08.2012	AGA	Merki Veðurstofu sett á forsiðu og önnur tekin út
1.2	10.09.2012	AGA	Kóðanum 7 fyrir tengilínu bætt undir fitjueigindina „Bakkar / miðlína“. Ábending / tillaga frá Loftmyndum ehf og Veðurstofu Íslands.